

100 bundið aukagjald þetta við tíð hins þá verandi prests, þannig hafi gjald þetta verið talið með tekjum Presthólaprestakalls í brauðamötunum eptir þann tíma, þrátt fyrir það að brauðið síðar hafi verið bætt upp með eptirgjaldinu eptir jörðina Sigurðarstaði, og hafi bæði eptirgjaldið eptir þessa jörð og aukagjaldið verið talið með tekjum brauðsins, þegar þær voru bættar upp með 300 kr. úr landssjóði samkvæmt 1. gr. 139. laga 27. febr. f. á. (A. 3). Prestinum að Presthólum virðist því enn bera aukagjald þetta, og með tilliti til þeirra presta, sem nú krefja gjaldsins, virðist það ekki geta gjört neina breytingu, þótt prestar, sem um stundarsakir hafa þjónað á undan þeim, hafi eigi hirt að heimta gjaldið inn.

Um það, sem stiptsyfirvöldin þannig hafa tekið fram, er jeg yður í öllu verulegu samdóma, og eruð þjer beðnir að tjá það hlutaðeigöndum.

101 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um tekjuskatt af landshlut af síldarveiði. — Í þóknanlegu brjefi frá 29. maí þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, út af fyrirspurn sýslumannsins í Suður-Múlasýslu tekið fram:

1. að landshlutur af síldar afla verði að skoðast sem arður af hlunnindum, er jörðunni fylgja, og að því sá, sem á jörð þá, er slíkur landshlutur fellur á, geti ekki samkvæmt 1. gr. laga um tekjuskatt frá 14. desbr. 1877 (A. 23) komizt hjá að greiða eignarskatt af slíkum tekjum.

2. að þessi eignarskattur verði að greiðast allt að einu þó landsdrottinn afsali sjer landshlutinn leiguliðanum.

3. að landshlutir þeir, sem prestar hafa af kirkjujörðum eða ábúðarjörðum sínum, verði að teljast með atvinnutekjum, og

4. að þeir, sem stunda síldarveiði, geti samkvæmt niðurlagi 5. greinar laga 14. desbr. 1877 (A. 23) ekki verið skyldir til, að greiða atvinnuskatt af tekjum þeim, sem beinlínis renna til þeirra af bjargræðisvegi þessum.

Fyrir því vil jeg tjá yður, að mjer virðist það vafasamt, hvort ekki megi telja landshluti af síldar afla með tekjum þeim, er beinlínis fylgja landbúnaðinum, sbr. 3. gr. tilskipunar um síldar- og upsaveiði frá 12. febr. 1872, að sínu leyti eins og síldaraflinn sjálfur verður talinn með tekjum af sjáfarútvegi; en með því að spurningar þær, er hjer ræðir um, hljóta að koma fram, þegar reikningarnir fyrir tekjuskatti verða úrskurðaðir, finn jeg ekki sem stendur nægilega ástæðu til að útkljá þær, og eruð þjer beðnir að tjá það hinum nefnda sýslumanni í Suður-Múlasýslu.

102 — Brjef landshöfðingja til prófastsins í Rangárvallaprófastsdæmi um tekjuskatt af arði af prestssetri. — Jafnframt því að endursenda yður hjálögð skjöl, er fylgdu brjefi yðar, herra prófastur, frá 19. apríl þ. á, snertandi úrskurð yfirskattanefndarinnar í Vestmannaeyjasýslu, er staðfestir úrskurð skattanefndarinnar samastaðar um, að telja eigi með embættistekjum prestsins á Vestmannaeyjum, sem honum ber að greiða tekjuskatt af, arðinn af ábúð prestssetursins Ofanleyti, get jeg þess, að brjef mitt frá 11. jan. 1879 ekki inniheldur neinn úrskurð um tekjur tjeðs embættismanns neitt einstakt ár, en að eins álit mitt um, hvernig að öllum jafnaði eigi að reikna tekjur nefnds embættismanns. Yfirskattanefndin í Vestmannaeyjasýslu hefir byggt úrskurð sinn á öðrum skilningi lagaákvæðana þeirra, er hjer koma til greina, en þeim, er jeg hefi fallizt á í

tjeðu brjefi, en hvað sem því líður, get jeg samkvæmt 20. gr. tekjuskattslaganna frá 14. desbr. 1877 ekki fellt úr gildi úrskurð yfirskattanefndarinnar um þetta, og verður því 14. sept. að sinni við svo búíð að standa; en vitaskuld er, að hlutaðeiganda er frjálst að leita rjettar síns fyrir dómstólunum.

— Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um gagnfræðaskólann á Möðruvöllum. — Í þóknanlegu brjefi frá 31. f. m. meðtók jeg álit stiptsyfirvaldanna um 14. sept. uppástungu þá, er hingað var send, og þar sem forstöðumaður skólans á Möðruvöllum fer fram á það, að lærisveinum skólans, sem frá byrjun næsta skólaárs verði 50 að tölu, verði skipt niður í 3 bekki, og að 3. kennarinn verði settur við skólann, sem kenni reikning, söng og leiktími, og ef á þarf að halda landafræði eða dönsku. Eptir að alþingi nú í sumar hefir fallizt á frumvarp til laga um tjeðan skóla, er ákveður, að þriðji kennari í gagnfræðum skuli koma í staðinn fyrir búfræðing þann, sem eptir 3. grein laga 7. nóvbr. 1879 átti að kenna uppdráttarlist sem og verklega og bóklega búfræði, hefi jeg, að áskildu samþykki ráðgjafans, og til þess að undirbúa breytinguna til hins fyrirhugaða nýja fyrirkomulags á skólanum, sett lœkniskandidat Þórð Thoroddsen til þess frá 1. október þ. á. að vera kennari við Möðruvallaskólann gegn því, að fá um tíma þann, er hann kennir við skólann, 800 kr. árslaun þau, er ákveðin eru handa búfræðingnum með 3. gr. laga 7. nóvbr. 1879 og eptirgjaldið eptir jörðina Möðruvelli pro rata temporis, eða ef hið fyrgreinda lagafrumvarp, er alþingi fjellst á, verður staðfest, að hann þá fái laun þau, sem í 2. grein þess eru ætluð 3. kennara, 1600 kr. árlega, frá þeim tíma, er tjeð lög náí gildi.

Að því er snertir uppástungu forstöðumannsins, sem hann hefir sent hingað, um endurskoðun á skólareglugjörðinni, er jeg á sama máli og stiptsyfirvöldin, að rjettast sje að fresta að gera nokkra ákvörðun um þetta þangað til það kemur í ljós, hvort tjeð lagaboð verður staðfest.

Þetta er hjer með tjáð stiptsyfirvöldunum til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

— Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa prestakalli. — Eptir 104 að fjárlaganefndin í neðri deild alþingis hafði með meðmælum sínum vísað til mín bœnarskrá frá prófastinum í Norður-Þingeyjarsýslu um, að veitast mætti Sauðanessprestakalli lán af viðlagasjóðnum til að fullgera steinhús það, sem þar er verið að byggja til íbúðar handa prestinum, og eptir að stiptsyfirvöldin með brjefi dagsettu í gær hafa látið 16. sept. í ljósi álit sitt um erindi það, er 4 alþingismenn sendu mjer með fyrgreindri bœnarskrá, vil jeg hjer með skýra stiptsyfirvöldunum frá því, er hjer greinir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

Stiptsyfirvöldin eru enn sem fyrri á þeirri skoðun, að það muni verða allt of þung byrði fyrir prestakallið, að greiða af tekjum þess vexti og afborgun af 8000 kr. láni eða 480 kr. árl. í 28 ár, auk 500 kr. eptirgjalds þess, er samkvæmt lögum um skipun prestakalla frá 27. febr. f. á. á að borgast fyrirfram af tekjum prestakallsins, frá næstu prestaskiptum, og álíta þau það því ekki tiltækilegt að samþykkja að svo stórt lán verði tekið handa prestakallinu, en að aptur kynni að vera ástæða til að veita prestakallinu minna lán, t. d. 4000 kr., með því skilyrði, að því sje varið til að ljúka